

## Kynning

# Hver stund er dýrmæt Besta forvörnin er að vera með börnunum

SAMAN-hópurinn er samstarfshópur um forvarnir sem hefur starfað í nokkur ár. Hópurinn hefur einkum beint kröftum sínum að því að vera með skilaboð til foreldra um mikilvæg atriði varðandi uppeldi og umhyggju fyrir börnum sínum. Skilaboðin sem hópurinn leggur áherslu á í sumar eru „verum með börnunum okkar - hver stund er dýrmæt“.


**B**yggt er á reynslu og rannsóknnum sem sýna að það skiptir meginmáli í góðum samskiptum barna og foreldra að verja miklum tíma saman (sjá vimumvarnir.is). Þau börn og ungmenni sem þannig hafa alist upp eru miklu ólíklegri til að neyta vímuefna en hin sem hafa lítil eða slæm tengsl við foreldra sína. Hver samverustund skiptir þarna máli, líka þær stundir þar sem horft er á sjónvarpið eða borðað saman.

Hópurinn hefur látið gera fjögur veggspjöld með skilaboðum í þessum anda og hefur þeim verið dreift um allt land auk þess sem þau eru birt í fjölmiðlum.

## Sumarið getur verið hættulegur tími

SAMAN-hópurinn hefur verið með sérstakt átak á sumrin vegna þess að sumarið getur reynst sumum ungmennum áhættusamur tími. Flestum finnst sumarið skemmtilegasti tími ársins. Þá eru næturnar bjartar og sólin skín á daginn, við ferðumst um landið með fjölskyldu og vinum og margt fleira skemmtilegt er að gerast. Að sumri loknu mætir flest unga fólkíð ánæggt og

Texti: Fríða Björnsdóttir



## Horfum saman



endurnært aftur í skólann. Því miður hafa þó einstaka ungmenni ratað í ógöngur yfir sumarmánuðina - jafnvel leiðst út í vímuefnaneyslu og er þar með á góðri leið að eyðileggja sitt unga líf. Verslunarmannahelgin hefur þar ekki síst komið við sögu.

SAMAN-hópurinn hvetur foreldra og ungmenni til að vera saman um þessa helgi og minnir á að foreldrar bera ábyrgð á börnum sínum til 18 ára aldurs. Nóg framboð er af hátíðum þar sem allur aldur getur fundið eitthvað við sitt hæfi.

SAMAN-hópurinn hefur einnig verið með skilaboð til allra landsmanna um að ekki megi veita fólk yngra en 20 ára áfengi.

## Elskum börnin okkar

Líf hvers einasta ungmennis er ómetanlegt og allir foreldrar vilja að börnum þeirra farnist vel í lífinu. Foreldrar sem verja miklum tíma með börnum sínum, sýna þeim væntumþykju og virðingu, eru yfirleitt í mjög góðum tengslum við börnin og það endurspeglast gjarnan í gagnkvæmri væntumþykju og virðingu.